

Hafnarfjörður, 24. maí 2022  
2205311 AMT

### Umsögn vegna fyrirspurn vegna lóðar undir farsímamastur í Hamranesi

Sótt er um að setja upp 12 metra hátt farsímamastur við hápunkt/brún efnistökusvæðisins sem var við Hamranes. Tilgangur farsímamasturs þarna væri að geta komið upp varanlegum farsímasendistað, sem getur þjónustað komandi íbúa Hamraneshverfis sem og hluta austasta hluta Skarðshlíðarhverfis. Hæð masturs tæki mið af því að allavega tvö farsímafyrirtæki gætu verið með sendastað á þessum stað í landi Hafnarfjarðar.



#### Niðurstaða

Tekið er jákvætt í erindið

Tilgangur að koma upp farsímamastri á þessum stað er að tryggja þá farsímaþjónustu sem almenningur krefst í dag í þéttbýli. Þar sem flestir eru hættir að nota heimasíma er gott farsímasamband í orðið ákveðið öryggisatriði og stuðla ætti að gera það sem best. Með því að staðsetja mastur á þessum stað er Skarðshlíð og Hamranes orðið vel tengt hverfi.

Míla sér um að gera deiliskipulaga af breytingunum.